

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 16. september 2008, kl 12:05.

Mætt: Ólafur Elísson, Elliði Vignisson, Sigurhanna Friðþórsdóttir, Magnús Sigurðsson, Gunnar Friðfinnsson, Hjalti Pálsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

1. Skólastarfið í annarbyrjun. Skólameistari gerði grein fyrir því helsta:

Skólastarfið hófst 22. ágúst, með vinnudegi kennara. Kennarafundur og skólaþing var 25. ágúst og kennsla hófst daginn eftir. Góð aðsókn er að skólanum eins og sjá má á talnaefni sem fylgir hér með, nemendur eru tæpl. 340. Ekki tókst þó að mynda nýjan hóp skipstjórnarmanna, en fjöldi 10. bekkinga fer vaxandi, þau eru nú 30. Einnig hefur eldri nemendum fjölgað. Í sumar var gerður samningur við Grunnskólann í Eyjum um að hann greiddi skólagjöld (hálf skólagjald 3000 kr/önn) fyrir 10. bekkinga sem stunda nám í FÍV. Kennaraliðið er að mestu óbreytt, Soffía Arnórsdóttir hættir og Hjördís H. Friðjónsdóttir kemur ný inn. Steinunn R. Guðmundsdóttir er líka ný, hún er stuðningsfulltrúi í 80% starfi og aðstoðar fatlaða nemendur. Helga Kristín áfangastjóri, Aldís Gunnarsdóttir og Bertha Johansen komu til starfa úr leyfum. Busavígsla gekk vel og tók jákvæðum breytingum í góðu samstarfi við nemendafélagið, þó erum við ekki alveg laus við subbuskap á götum bæjarins, frá skólaþingi fram að busavígslu og er stefnt að því að sá tími verði sem stystur. Einnig var bent á að draga þyrfti úr notkun tússlita í busastandinu. Rætt var um að ýta við foreldrafélaginu, sem starfar lítið. Fulltrúi foreldra fær áheyrn í skólanefnd við gildistöku nýrra laga um framhaldsskóla..

2. Ný lög um framhaldsskóla tóku gildi 1. ág sl (nema kaflar IV og V). Mikið starf er framundan við endurskoðun námsbrauta, áfangalýsinga og skólanámskrár. Sölvi Sveinsson frá ráðuneytinu kom í heimsókn 11. september og fór yfir það helsta sem framundan er. Fundarmenn fóru yfir nokkur ný atriði og breytingar frá fyrri lögum. Ný lög verða krufin nánar á næstunni.

3. Mótvægisáðgerðir vegna tímabundins aflasamdráttar – styrkumsóknir:

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Viska og Nýsköpunarmiðstöð Ísl. sóttu um vegna 11 verkefna (áætl kostn 70 millj.), þessi sjö fengu styrki:

	Áætlun	Styrkur
1. Fab Lab 103- 403, nám í stafrænni framleiðslutækni:	31,3 m	15,0 m
2. Skólaskip – fljótandi kennslustofa:	16,0 m	4,6 m
3. Raunfærnimat, ma fyrir vélstjóra:	4,4 m	4,0 m
4. Kennsluefni í íslensku fyrir innflytjendur, dreifbýlistengt:	1,7 m	1,4 m
5. Aftur í nám, fyrir fólk með les- og ritunarferfiðleika:	4,9 m	1,3 m
6. Grunnenntaskólinn:	3,4 m	0,8 m
7. Námskeið til suðuréttinda:	<u>2,1 m</u>	<u>1,9 m</u>
	Samtals:	63,8 m 29,0 m

Skólameistari mun senda nefndarmönnum yfirlit með nánari upplýsingum um verkefnið. FabLab verkefnið er það eina sem nú þegar er farið af stað. Nýsköpunarmiðstöð heldur utanum fjármál allra verkefnanna, að ósk menntamálaráðuneytisins.

4. Önnur mál. Spurt var um ráðstöfun 15 milljóna sem skólinn fékk í átaksverkefni 2007 og 2008. Gerð verður grein fyrir því á næsta fundi. Sjálfsmatsskýrslu FÍV dreift á nefndarmenn.

Fleira ekki gert, fundi lauk 13:20. Næsti fundur verður þriðjudag 14. október kl 12:05.

Ólafur H. Sigurjónsson